

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661(1990) vegna innrásar Íraka í Kúvæt.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita ákvæðum laganna til að breyta ráðstöfunum, sem ákveðnar voru í fyrirmælum, dags. 28. apríl 1992, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 160/1992, til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661(1990) frá 6. ágúst 1990 vegna innrásar Íraka í Kúvæt, til samræmis við ályktanir öryggisráðsins nr. 706(1991), 712(1991), 986(1995), 1111(1997), 1129(1997), 1137(1997), 1143(1997), 1153(1998), 1158(1998) og 1175(1998) og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Óheimilt er að flytja til Íslands vörur sem upprunnar eru í Írak og fluttar eru út þaðan eftir 6. ágúst 1990.

2. Starfsemi íslenskra ríkisborgara, eða starfsemi sem fer fram á Íslandi, sem ætlað er að stuðla að útflutningi eða umfermingu vara frá Írak, er óheimil. Auk þess eru viðskipti íslenskra ríkisborgara eða viðskipti, sem fara fram á Íslandi, með vörur, sem upprunnar eru í Írak og fluttar eru út þaðan eftir 6. ágúst 1990, óheimil, ásamt notkun íslenskra skipa í slíkum viðskiptum.

3. Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að selja eða útvega aðilum í Írak vörur, eða selja eða útvega vörur í þágu fyrirtækis sem rekið er í Írak eða stjórnað þaðan. Auk þess er óheimilt að selja eða útvega slíkar vörur frá Íslandi eða nota til þess íslensk skip. Starfsemi íslenskra ríkisborgara eða starfsemi, er fer fram á Íslandi, sem ætlað er að stuðla að slíkri sölu eða útvegun, er ennfremur óheimil.

4. Íslenskum ríkisborgurum og öðrum aðilum á Íslandi er óheimilt að útvega ríkisstjórn Íraks eða fyrirtækjum í Írak fjármuni eða veita þeim aðra fjárhagslega eða efnahagslega fyrirgreiðslu, eða inna af hendi greiðslur til annarra aðila í Írak.

5. Undanþegin ákvæðum 3. tl. hér að framan eru sjúkragögn og matvæli notuð í mannúðarskyni. Enn fremur eru undanþegnar ákvæðum 4. tl. hér að framan greiðslur til sjúkrahjálpar, greiðslur í mannúðarskyni og matvæli notuð í mannúðarskyni.

6. Þrátt fyrir framangreind ákvæði er heimilt að leyfa innflutning til Íslands á olíu og olíuvörum með uppruna í Írak og greiðsluviðskipti og önnur nauðsynleg samskipti vegna slíks innflutnings, enda renni hagnaður Íraka af slíkum viðskiptum í sjóð í vörslu Sameinuðu þjóðanna til kaupa á lyfjum, heilbrigðisvörum, matvælum og öðrum nauðsynjavörum fyrir almenning í Írak. Umfang viðskiptanna er háð ákvæðum um hámarkshagnað Íraka af slíkum viðskiptum í gildandi ályktunum öryggisráðsins á hverjum tíma.

Heimilt er að sækja um leyfi til utanríkisráðuneytisins fyrir slíkum viðskiptum. Í umsókninni skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar um viðskiptin. Nefnd Sameinuðu þjóðanna, sem fjallar um refsiaðgerðir gagnvart Írak, tekur endanlega ákvörðun um leyfisveitingu. Samþykki Íraksstjórnar er jafnframt skilyrði fyrir leyfisveitingu til viðskiptanna.

7. Öllum íröskum embættismönnum og hermönnum, sem ábyrgir eru fyrir brotum á skuldbindingum gagnvart öryggisráðinu, er óheimilt að koma til Íslands og fara um íslenskt yfirráðasvæði.

Hver sá, sem brýtur gegn ofangreindum fyriræmum skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 160/1992.

Utanríkisráðuneytinu, 8. júlí 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1171(1998) um refsiaðgerðir gegn hinum vopnuðu stjórnarandstöðusveitum í Sierra Leone.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyriræla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita ákvæðum laganna til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1171(1997), dags. 5. júní 1998, um refsiaðgerðir gegn hinum vopnuðu stjórnarandstöðusveitum í Sierra Leone og setur hér með eftirfarandi fyriræli:

1. Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að selja eða útvega vopn og vopnabúnað, þ.m.t. skotfæri, herbifreiðar og tæki fyrir þá og varahluti, til annarra aðila í Sierra Leone en ríkisstjórnar landsins, eftirlitssveita Efnahagsbandalags Vestur-Afríkuríkja (ECOMOG) og Sameinuðu þjóðanna, og um þá innflutningsstaði sem tilgreindir eru á lista ríkisstjórnar Sierra Leone er hún lætur framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í té.

2. Óheimilt er að selja eða flytja framangreint um íslenskt yfirráðasvæði.

3. Óheimilt er að flytja ofangreint með skipum eða flugvélum sem skráð eru á Íslandi.

4. Öllum háttsettum aðilum í fyrirverandi herforingjastjórn Sierra Leone og Sameinuðu byltingarfylkingunni (RUF) og fullorðnum fjölskyldumeðlimum þeirra er óheimilt að koma til Íslands eða fara um íslenskt yfirráðasvæði, nema með leyfi nefndar öryggisráðsins um ástandið í Sierra Leone.

Hver sá, sem brýtur gegn framangreindum fyriræmum, skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 8. júlí 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.